

**Nr. 014 / 16 Brúarfoss*****Skipverji slasast á fingri***

IMO.nr. 8914568  
Fánaríki: Antigua og Barbuda  
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992  
Stærð: 7.676 BT  
Mesta lengd: 126,63 m  
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m  
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW  
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Slysaskýrsla  
Úrdráttur úr leiðarbók  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. nóvember 2015 var Brúarfoss við bryggju í Hamborg. Veður: VSV 5 m/sek.

Skipverji var vinna við að sjóbúa gáma á veðurþilfari þegar hann féll með þeim afleiðingum að hann fingurbrotnaði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var að stíga niður af lúgu með tessajárn í hendinni. Hann kvaðst hafa stigið vitlaust niður, misst jafnvægið og fingurinn klemmst milli tessajárns og þilfars í fallinu.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.